

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Samkvæmt heimild í e-lið 2. mgr. 81. gr. umferðarlaganna nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur verið ákveðið að á Reykjavíkurvegi norðan Strandgötu sé akstur og dráttur vinnuvéla og dráttarvéla bannaður á virkum dögum frá kl. 7.30 til 9.00 og kl. 16.30 til 18.30.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 17. febrúar 1992.

Már Pétursson.

ALMENNAR REGLUR

um byggðarmerki.

1. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að notfæra sér heimild í 2. mgr. 4. gr. sveitarstjórnalaga nr. 8/1986 og taka upp byggðarmerki fyrir sveitarfélagið, og skal hún tilkynna þá ákvörðun til félagsmálaráðuneytisins með beiðni um staðfestingu þess á merkinu. Beiðni þessari skal fylgja mynd af hlutaðeigandi byggðarmerki, er sýni hlutföll þess og liti, svo og greinargerð um tilurð þess og væntanlega notkun, sbr. 6. gr.

2. gr.

Byggðarmerki skal vera í samræmi við meginreglur skjaldarmerkjafræðinnar, eftir því sem unnt er, bæði hvað varðar lögun og litareglur. Það skal því hafa skjaldarlögun, vera einfalt að gerð og hafa augljósa merkingu. Æskilegt er að notaðir séu hreinir og óblandaðir litir í byggðarmerki, þ.e. rauður, blár, svartur, grænn, gylltur (gulur) og silfraður (hvítur). Þess skal gætt að skjaldarflöturinn sé þannig litaður að málmur (gyllt, silfrað) og litur (rauður, blár, svartur, grænn) liggji saman. Gyllt eða silfurlitad verða því alltaf að skiptast á, á móti hinum eiginlegu litum.

3. gr.

Áður en ráðuneytið staðfestir ákvörðun sveitarstjórnar um byggðarmerki, sbr. 1. gr., þarf að liggja fyrir jákvæð umsögn um hlutaðeigandi byggðarmerki frá sérstakri fastanefnd, er félagsmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir af félagsmálaráðuneytinu og skal ráðherra skipa annan þeirra formann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

4. gr.

Lýsing á byggðarmerki skal felld inn í staðfestingu ráðuneytisins og birt þannig ásamt mynd af merkinu í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Sveitarstjórn getur látið breyta þegar samþykktu byggðarmerki að hluta eða að öllu leyti, þannig að það verði í samræmi við meginreglur skjaldarmerkjafræðinnar, sbr. 2. gr., og í framhaldi af því fengið staðfestingu ráðuneytisins.

6. gr.

Óheimilt er að nota byggðarmerki sveitarstjórnar, sem ráðuneytið hefur staðfest, nema með sérstöku leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Um notkun byggðarmerkis að öðru leyti skal fara eftir ákvörðun sveitarstjórnar, sbr. 1. gr.

7. gr.

Nú sameinast sveitarfélög, og falla þá úr gildi fyrri staðfestingar á byggðarmerkjum þeirra.

Þegar sameining á sér stað er heimilt að annað eða eitt merkjanna öðlist staðfestingu, hafi það verið samþykkt af hinni nýju sveitarstjórn.

8. gr.

Sveitarstjórn getur óskað eftir leiðbeiningum og ráðleggingum fastanefndar, sbr. 3. gr., um allt er varðar skjaldarmerkjafræðileg efni.

Reglur þessar um byggðarmerki, sem settar eru á grundvelli 2. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

G J A L D S K R Á**vegna hundahalds í Þórshafnarhreppi á árinu 1992.**

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Þórshafnarhreppi, sbr. 2. gr. c staflið samþykktar frá 15. maí 1991 skal vera kr. 5 500,00 á árinu 1992. Gjaldið greiðist fyrir fram á gjalddaga 1. júní 1992. Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 3. gr. samþykktar frá 15. maí 1991 skal vera kr. 2 200,00 í fyrsta skipti, kr. 4 000,00 í annað skipti og kr. 6 000,00 í þriðja skipti.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. febrúar 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.